

19. fundur Samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Borgarfjarðarhrepps, haldinn mánudaginn 19. ágúst 2019 í Ráðhúsinu Egilsstöðum.

Fundurinn hófst kl. 14:00.

Á fundinn eru mættir Björn Ingimarsson, Anna Alexandersdóttir, Jón Þórðarson, Jakob Sigurðsson Helgi Hlynur Ásgrímsson, Gauti Jóhannesson, Bergþóra Birgisdóttir, Vilhjálmur Jónsson, Oddný Björk Daníelsdóttir, Björg Björnsdóttir, Hildur Þórisdóttir og Aðalheiður Borgþórsdóttir.

Þorbjörg Sandholt var í síma.

Róbert Ragnarsson sem ritaði fundargerð.

Kristján Hjálmarsson frá H:N markaðssamskipti.

Björn bauð fundarmenn velkomna og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lögð fram fundargerð síðasta fundar.

Engar athugasemdir og telst fundargerðin samþykkt.

2. Kynningaráætlun

Kristján Hjálmarsson ráðgjafi hjá H:N markaðssamskiptum kynnti hugmyndir fyrir kynningu sameiningartillögunnar í aðdraganda atkvæðagreiðslu.

Ákveðið að yfirskrift verkefnisins við kynningu verði Sveitarfélagið Austurland. Ákveðið að markmið kynningarinnar sé að hvetja íbúa til að kynna sér tillöguna og þær upplýsingar sem eru fyrirbyggjandi og taka þátt í atkvæðagreiðslunni þann 26. október.

Farið var yfir markmið, lykilskilaboð og tímalínu. Miklar umræður voru um verkefnið og kynningu þess. Sérstök áhersla var á að virkja ungt fólk til þátttöku. Ákveðið að eiga fund með fulltrúum Ungs Austurlands og ungmennaráða sveitarfélaganna. Mikilvægt er að kynna vel möguleikann á að kjósa utan kjörfundar hjá sýslumönnum.

Kristjáni falið að uppfæra lykilskilaboð og kynna að nýju fyrir samstarfsnefnd.

Ákveðið að fyrirspurnum fjölmiðla verði sem fyrr vísað á formann samstarfsnefndar.

3. Undirbúningur atkvæðagreiðslu

Róbert upplýsti að undirbúningur atkvæðagreiðslu er hafinn og viðmiðunardagur kjörskrár verður 4. október. Fyrirhugað er að Björn og Róbert fundi með fulltrúum kjörstjórna.

4. Fundir samstarfsnefndar og vinna fram að atkvæðagreiðslu

Fulltrúar í samstarfsnefnd taka eftir fremsta megni þátt á íbúafundum í vikunni 7.-10. október. Ákveðið að næsti fundur fari fram 17. september.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 17:00.